

Kópavogi, 5. mars 2019.

Ágæti skólastjóri.

Menntamálastofnun vill vekja athygli á eftirfarandi atriðum vegna samræmdra könnunarprófa í næstu viku.

Prófkóðar tilbúnir í Skólagátt

Prófkóðar nemenda eru tilbúnir til útprentunar í Skólagátt (þá má finna undir valmyndinni „Próf“). Við mælum með því að starfsmenn skóla prenti út blöðin með prófkóðanum (stærð A4) og hafi tilbúnir á prófdag. Prenta skal út sérblað með prófkóða fyrir hvern nemanda og blað fyrir kennara með öllum prófkóðum. Athugið að ekki má opna prófkóða annars nemanda eða nota prófkóða hjá nemanda sem ekki tekur prófið.

Opnun prófa á prófdag

Unnt verður að hefja próftöku frá kl. 8:00 á prófdögum. Prófunum verður lokað kl. 17:00, sem þýðir að nemendur mega ekki hefja próftöku síðar en kl. 14:00 (til að geta nýtt allan próftímann). Nemendur skrá sig inn þegar þeir eru sjálfir tilbúnir og þá hefst próftími hvers nemanda. Próftími fer ekki af stað fyrr en nemandi er kominn inn í prófið sjálft.

Innskráning í próf á prófdögum

Til að draga úr álagi á netkerfi skóla er hvatt til þess að nemendur hefji próftöku með ákveðnu millibili. Til dæmis má skipta nemendahópnum í fjóra hópa þar sem hver hópur hefur próftöku með 5 eða 10 mínútna millibili. Aðstæður eru ólíkar og eru skólastjórar hvattir til að útfæra þetta eins og hentar á hverjum stað.

Undirbúningur tækja

Fara þarf yfir þær tölvur sem verða notaðar við próftöku. Tryggja þarf að veflás sé uppfærður í nýjustu útgáfu og kanna hvort hann virkar. Þá er einnig mikilvægt að uppfæra iPada í iOS 12. Ef spila á hljóðskrár í tölvum á prófdag (fyrir nemendur með stuðningsúrræði) er mikilvægt að tölvur séu prófaðar áður og tryggt að þráðlaust net skólans þoli álagið. Upp hafa komið hnökror hjá skólum þegar margar spjaldtölvur, þar sem spilaðar eru hljóðskrár, eru tengdar við sama beininn (e. router).

Hjálpargögn í prófi

Leyfilegt er að nota vasareikni í öllu stærðfræðiprófinu. Athugið að ekki er leyfilegt að nota síma sem vasareikni. [Formúlublöð](#) má hafa útprentuð á borðum en einnig er hægt að sækja rafræna útgáfu þeirra í prófinu sjálfu. Athugið að rafræn útgáfa formúlublaðsins er í tveimur hlutum fyrir iPada.

Síðasti fyrirspurnatíminn

Síðasti fyrirspurnatíminn verður haldinn miðvikudaginn 6. mars kl. 14.30. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið kynningarmal@mms.is

Á vef Menntamálastofnunar má finna [leiðbeiningar um framkvæmd](#), [gátlista skóla](#), [kynningarpróf](#) og [slóðina á prófið](#). Þar er einnig [viðbragðsáætlun](#) en skólar eru hvattir til að kynna sér hana vel. Við hvetjum ykkur til að hafa samband ef spurningar vakna. Sími Menntamálastofnunar er: **514-7500** og netfang prófahópsins er **prof@mms.is**.

Með góðri kveðju,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs.